



Strandapósturinn

Ársrit MMXXIV

Útgefandi
Átthagafélag strandamanna
2024



Ljósmynd: Lilja Sigurðardóttir

Mynd á forsiðu: Bakkasel í Hrútafirði
Ljósmynd: Lilja Sigurðardóttir, frá Bakkaseli (bjó lengst af á Melum).

Prentvinnsla: Svansprent

ISSN 1670-3162

Efnisyfirlit

Frá ritstjórn	5
<i>Jón Ólafur Vilhjálmsson</i>	
Starfsemi Áttthagafélags Strandamanna árið 2023	6
<i>Jón Ólafur Vilhjálmsson</i>	
Ferð Áttthagafélags Strandamanna til Ítalíu	10
<i>Kristján Einarsson</i>	
Viðtal við Þórhall Geirsson, Rútubílstjóra	13
<i>Rúnar Kristjánsson</i>	
Alþýðuhetjan Gunna fótalausa	24
<i>Vilmundur Hansen</i>	
Minnisvarði um Gunnu fótalausu	26
<i>Þórhallur Magnússon</i>	
Txalaparta á Ströndum	28
<i>Soffía Jóhanna Geirsdóttir</i>	
Afi Jón í Asparvík	36
<i>Sigrý Sigurðardóttir</i>	
Ljósmyndarinn mamma mín	40
<i>Valgeir Benediktsson í Árnesi</i>	
Komdu Krummi minn	52
<i>Marta Guðrún Jóhannsesdóttir</i>	
Þjóðsögur frumsamdar af ungu Strandafólki	56
<i>Ungt Strandafólk</i>	
Frumсамdar þjóðsögur	56
<i>Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir</i>	
Rútuferð og Sjóleiðin norður á Gjögur	62
<i>Sigurbjörn Skarphéðinsson</i>	
Man nú enginn Björn frá Bæ	68
<i>Einar Ísaksson</i>	
Heimis Skógar	82
<i>Hilmar Hjartarson</i>	
Móðir mín hetjan og aðrar kempur	86
<i>Pétur Óskarsson</i>	
Finnbogastaðafólkið	90
<i>Berglind Ágústsdóttir</i>	
Ágúst og Rut	98
<i>Jóhann Jónsson, Gunnar Grímsson, Jóhann Hjaltason</i>	
Greinar úr gömlum Strandapóstum	106

Pórhallur Magnússon

Txalaparta á Ströndum



Í pistli þessum verður sagt frá samskiptum Íslendinga og Baska, baskneskum tónlistarmönnum, hávaða og rekaviðarbanks á Ströndum.

Sögur af baskneskum hvalveiðimönnum við strendur Íslands eru vel kunnar. Ýmsar heimildir eru til vitnis um þessa atburði, og gefa einhverja sögulega mynd, og má þar nefna annála, bréfabækur Brynjólfs biskups og Alþingisbækur. Frægasta heimildin er þó rit Jóns lærða um Baskavígin frá 1615, en það rit hefur verið gefið út fjórtyngt (á íslensku, basknesku, spænsku og ensku) og hafa verið uppi hugmyndir um að kvikmynda þessa merkilegu sögu. Á Ströndum hefur Magnús Rafnsson verið einn helsti rannsakandi þessarar fortíðar og hefur hann dregið upp nokkuð skýra mynd sem unnin er úr fjölbreyttum rituðum heimildum, greftri í jörð og þekkingu á umhverfinu. Þessir nýlegu fornleifauppgreftir hafa gefið okkur betri sýn á viðveru baskneskra hvalveiðimanna hér í norðri, og má þar sérstaklega nefna rannsóknirnar á Strákatanga utan við Hveravík eða Strákacy við Eyjar.

Baskar hafa sjálfir áhuga á þessari fortíð sinni og hafa fræðimenn þar í landi rannsakað tengsl þjóðanna og haldið sýningar um þessa sögu í sjómannasafninu Arrantzaleen Museoa. Má í því samhengi nefna að ein fyrsta orðabók á basknesku var á sambræðingsmáli (e. pidgin) íslensku og basknesku, en hún var nauðsynleg þjóðunum tveimur til að eiga samskipti. Sú bók hefur verið mikið rannsökuð af málvísindafólki í Baskalandi. Einnig er til á Íslandi Baskavinafélagið sem heldur uppi menningartengslum milli Íslands og Baskalands, og þess má geta að félagið fékk nýlega styrk frá Creative Europe í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða, Albaola á Spáni og Haizebegi í Frakklandi til að setja upp sýningu og ýmsa viðburði á Djúpavík þar sem gerð verður grein fyrir sögu Baska við Íslandsstrendur. Þjóðirnar tvær eiga sér þannig langa sameiginlega sögu sem sterkur áhugi er á í báðum löndum. Er sá áhugi ekki aðeins á hvalveiðunum heldur einnig á menningu almennt og má þar minnst á sterk tónlistarleg tengsl.

Txalaparta

Txalaparta ([tʃalaˈparta] eða tsjalaparta eins og við Íslendingar myndum skrifa það) er einstakt baskneskt hljóðfæri. Það er einfalt í smíði en öllu flóknara að leika á, og má segja að txalaparta (orð sem á íslensku yrði þýtt sem hávaði) sé fremur aðferðin við að leika á hljóðfærið en efnisleg smíði þess. Hljóðfærið er nefnilega ofur einfalt: það er búið til úr nokkrum plönkum sem eru lagðir á búkka, þannig að plankarnir liggja fyrir framan spilarana í mittishæð. Spilararnir standa hlið við hlið eða hver á móti öðrum og spila samtímis á hljóðfærið með þungum sleglum sem eru barðir lóðrétt niður á plankana. Og hér stendur galdurinn í kúnni: það er samspilið sem er eðli txalapörtunnar. Það er ekki hægt að spila á hljóðfærið einsamall. Tónlistin gengur út á samskipti spilarana sem “tala saman” í gegnum hrynjandi slagverksins. Þetta er því hið besta tæki til að útkljá ýmis samskiptavandamál þar sem orð duga oft illa til.



Tveir txalapartaleikarar spila með sleglum á hljóðfærið.

Txalapartaleikur er samtal og gengur því út á spuna. Það eru engar nótur skrifðar, heldur er skipst á takti, fram og tilbaka, þar sem kallað er og svarað til skiptis. Þetta hefur okkur sem störfum við alþjóðlegt rannsóknarverkefni styrkt af evrópska rannsóknarráðinu í Listaháskóla Íslands (Intelligent Instruments Lab) þótt spennandi að rannsaka en verkefni okkar gengur út á að þjálfa gervigreind til að spila með mannlegum tónlistarmönnum. Við höfum því þjálfað gervitaugnet á upptökum af txalapartaleik og tölvan hefur lært listina með því að hlusta á marga klukkutíma af þessari tónlist. Tæknin gefur okkur því kleift að leika einsamall á txalaparta með gervigreindina sem mótspilara. Markmið þessa verkefnis er í fyrsta lagi að smíða æfingartól

fyrir fólk, en einnig að rannsaka þá vísindalegu spurningu hvort að þetta sé yfirleitt hægt, og hvernig gervitauganet við þurfum að hanna til að leysa þetta tæknilega vandamál. Okkur langar að vita hvernig tilfinning það er að spila andspænis vél og á þann hátt skilja betur þá framtíð sem við erum að stíga inn í. Hægt er að fræðast betur um verkefnið og sjá myndbönd af txalaparta leik á þessari síðu: www.iil.is/txalaparta

Txalaparta er oft skilgreint sem hefð fremur en hljóðfæri og er þetta aldagömul list sem nánast hvarf í einræði Francos, en hann gerði sér far um að eyða menningu og tungumáli Baska. Með efdri þjóðarvitund og vitund um sögu hinnar basknesku þjóðar á sjöunda áratugnum fóru baskneskir listamenn, ljóðskáld og hugvísindafólk að skoða þessa hefð betur og úr varð einskonar endurreisn txalaparta, oft í tengslum við pólitíska aðgreiningu og sjálfstæðisbaráttu frá Spáni. Hljóðfærið fékk athygli og varð einskonar einkenni baskneskrar uppreisnar. En hvað sem því líður, þá á hljóðfærið sér langa sögu, óskýra og óræða, en baskneskir fræðimenn eru enn að rannsaka uppruna þessarar hefðar. Ljóst er að hún á sér djúpar rætur og vel má hugsa sér að baskneskir hvalveiðimenn hafi stýtt sér stundirnar á kvöldin úti á Strákatanga yfir pípureykingum og txalaparta leik, sem er ekki ólíklegt því að hljóðfærið er ofur einfalt og það má í raun spila á alla nærtæka stokka og steina.

Vinnustofa í Hveravík

En hvaða erindi á þetta í Strandapóstinn? Jú, um páskana 2023 komu hingað á Strandir tveir strákar frá Baskalandi, Enrike Hurtado og Ibon RG, og héldu txalaparta vinnustofu í Hveravík aðeins nokkrum tugum metra frá Strákatanga þar sem gert var að hval fyrr á öldum. Þrátt fyrir ótta staðarhaldara og rannsakenda við vofur hvalveiðimanna sem rísa myndu úr kumlum úti á tanga, þá var haldið út í dag fullan af kynningum, æfingum og tónlistarflutningi. Vinnustofan byrjaði upp úr hádegi og á hana komu gestir og gangandi fram eftir degi sem lærðu listina að leika á txalaparta. Kynning Enrike með myndböndum og sögulegum staðreyndum setti tóninn og svo var farið að spila. Ljóst var að flestir sem prófuðu náðu grunntækni txalapartaleiks fljótt og vel; svo er bara að finna tíma til að æfa sig, en það kæmi ekki á óvart að heyrta mætti txalaparta tóna á svæðinu á komandi árum.

Á vinnustofunni var miðlað af íslenskum og baskneskum hefðum og fengum við Magnús Rafnsson til að segja okkur sögur af Böskum á svæðinu af mikilli þekkingu og snilld. Við fengum einnig Bergsvein Birgisson frá Bakkagerði til að kveða og gefa Ibon íslenskan innblástur en hann kveður eftir baskneskri hefð. Þeir Enrike og Ibon hafa gefið út tónlist sem er innblásin af baskneskri þjóðlagahefð en leita oft út fyrir eigin hefðir að innblástri. Eftir aðeins meiri



Frá Txalaparta vinnustofunni í Hveravík

txalaparta æfingar og fiskisúpu var svo komið að tónleikum þeirra Ibon og Enrike. Þá kom vel í ljós hversu ágætt menningarhús Söngsteinninn í Hveravík er, með finan hljómburð, gott hljóðkerfi og útsýni af bestu gerð. Forvitnir geta hlustað á tónlist basknesku strákanna hér:

<https://repetidor.org/en/releases/omorrumu-bamat/>

Rekaviður sem hljóðfæri

Það lá beint við að skoða hvaða efni væri landlægt á Ströndum til að smíða txalaparta. Rekaviðurinn kom auðvitað strax upp í huga, en Bergsveinn sagði okkur frá hefð Strandamanna fyrr á tímum sem fólst í því að berja viðinn til að athuga hvort hann væri heill að innan. Þá leggur hlustandi eyra sitt að öðrum enda drumsins en félagi hans ber á hinn endann með hamri eða einhverju hörðu (amboði). Það virkar þannig að drumbur sem er ófúinn og sterkur gefur frá sér hvellan bjöllumtón við enda hlustandans þó að létt sé bankað í hinn endann. Nánar er fjallað um þetta í verki Lúðvíks Kristjánssonar Íslenskur

sjávarhátum (1. bindi) þar sem finna má þessa mynd af aðferðinni. Má geta þess að þessi aðferð er notuð í dag til að meta heilbrigði flugvéla, þ.e. með því að setja kontaktmíkrófón á einn enda vélarinnar og banka í hinn. Ef hljóðið berst ekki vel á milli, þá er líklegt að komin sé þreyta í álið.



Rekaviðarbank. Mynd úr bók Lúðvíks

Fyrir tónlistarmann eins og mig, þá vaknaði spurning um þetta athæfi, og ég spurði Bergsvein hvort þetta hefði ekki verið eitthvað meira en bara bank í drumb. Hvort að hér sé ekki á ferðinni hefð listrænnar sköpunar þar sem einn spilaði fyrir annan? Auðvitað var spurningin sett fram í gamni, en öllu slíku fylgir alvara. Í fyrsta lagi þá er ég sannfærður um að sá sem hlustaði á rekavið með eyrað á öðrum endanum gat fundið á sér hvernig þeim sem lamdi á hinn endann leið. Voru þetta mörg bönk, hörð, föst, létt og lipur? Var bankað af gleði, reiði, stríðni, pirring, forvitni eða fjöri? Þó að þetta rekaviðarbank hafi ekki hafi verið auglýst, miðar ekki seldir og enginn farið í betri fót, þá tel ég víst að þarna hafi verið einhver tjáning, hvort sem við lítum á þetta sem tónlistarlega tjáningu eður ei. Í þessu samhengi mætti minnst á bandaríska tónskáldið John Cage sem leit svo á að allt væri tónlist ef við bara hlustuðum á heiminn þannig.

Gamninu er ekki alveg sleppt enn. Þar sem ég er rannsakandi á sviði gervigreindar, þá spjalla ég mikið við mállíkön og tauganet. Ég spurði því GPT mállíkanið hvort ekki hafi verið samskipti milli baskneskra hvalveiðimanna sem spiluðu á txalaparta og íslenskra rekaviðarbankara á Ströndum á 17. öld. Líkanið hélt nú það! Það benti á að fræðimenn hefðu skrifað lærdar greinar um tengsl þessara tveggja hefða og þau menningarlegu áhrif sem þær hefðu haft hvor á aðra. Að íslenskir rekaviðarbankarar hafi haft áhrif á txalapartaleik og txalapartan gefið stórkostlegan innblástur í hina miklu hefð íslenskra rekaviðarbankara sem mállíkanið kallaði “driftwood rímur”, eða rekaviðarrímur.



Rekaviðardrumbar hlustaðir á Bjarnarnesi.

Okkur þótti bullið í gervi-greindinni ekki bara fyndið, heldur einnig snilldarhugmynd. Við ákváðum að taka hana á orðinu og viðhalda þessari hefð sem við höfðum nú lært um. Því var farið norður á Bjarnarnes og rekaviðardrumbar hlustaðir með tjalapartaleik. Var þetta hinn ágætasti leikur, því að við lærðum mikið á rekavið, náttúru

hans og hvernig hann fúnar, með hjálp af hinum þungu sleglum baskneska hljóðferisins. Við sem komum að þessum viðburði munum aldrei sjá rekavið í sama ljósi aftur.



Rekaviðarrímur spilaðar í Bænhúsvík á Ströndum.

Niðurlag

Ferð Baskanna tveggja til Íslands var vel skipulögð. Upphaflega planið var að þeir Enrike og Ibon væru með viðburði í Reykjavík þar sem við höfðum skipulagt vinnustofur við Listaháskólann, ásamt tónleikum í Mengi og Dynjanda, tónlistarsal Listaháskólans. Strandirnar togðu þó eitthvað í Baskana, en Enrike hafði áður komið á þessar slóðir í ferðalagi frá Norðurfirði til Drangsness þar sem við tókum upp hljóð úr náttúrunni og sömdum hljóðverk sem flutt var á ráðstefnu Baskavinafélagsins eitt árið. Af einhverri stýringu guðanna, ásamt kannski einni tilviljun, var ákveðið að halda vinnustofu og tónleika á Söngsteini í Hveravík. Og nú nokkrum mánuðum seinna segja þeir, Baskarnir, að viðburðirnir í Reykjavík folni í samburði við þau ævintýri sem við áttum á Ströndum þessa páskahegji árið 2023.